

Sigurður Örn Hilmarsson
eigandi á Rétti lögmannsstofu

Er nauðsynlegt að skjóta þá?

A. Inngangur

Það er einungis eitt fyrirtæki á landinu sem að hefur stundað veiðar á stórhvelum við Íslandsstrendur frá árinu 1948, en það mun vera Hvalur hf. Leyfi Hvals hf. til veiðanna féll úr gildi um síðastliðin áramót og því hefur ekkert fyrirtæki leyfi til að stunda þessar veiðar þegar þetta er ritað. Af opinberri umræðu má þó ráða að Hvalur hf. hafi eða hyggist sækja um áframhaldandi leyfi til næstu ára.

Veiðarnar hafa frá upphafi verið umdeildar, bæði hér innanlands og erlendis,¹ en umtalsverð umræða var um veiðarnar sumarið 2018, m.a. sökum þess að Hvalur hf. skaut og drap tvo blendingshvali – afar fágæta blöndu steypireyðar og langreyðar – en fyrrnefnda hvalategundin er í útrýmingarhættu. Fjölmiðlar víða erlendis drógu upp dökka mynd af þessum atburðum og hvalveiðunum í heild sinni.

Þegar Ísland gekk að nýju í Alþjóðahvalveiðiráðið (e. *International Whaling Commission*) árið 2002 setti ríkið fyrirvara gagnvart banni ráðsins á hvalveiðum í hagnaðarskyni. Nokkur aðdragandi var að þessari inngöngu, en Ísland hafði áður sótt um endurinnngöngu í ráðið á ársfundum þess árin 2001 og 2002 með fyrirvara, en þá hafnaði meirihluti aðildarríkjanna umsókn Íslands. Í október 2002 var haldinn aukafundur þar sem ný umsókn Íslands var tekin fyrir, en með henni fylgdi loforð um að hvalveiðar í atvinnuskyni hæfust ekki fyrir 2006 og að slíkar veiðar færu aldrei fram undir nokkrum kringumstæðum nema á grundvelli áreiðanlegra vísindarannsókna og skilvirks stjórnunar- og eftirlitskerfis.²

Veiðar Hvals hf. á síðasta hvalveiðitímabili sýna hins vegar að þessu stjórnunar- og eftirlitskerfi er verulega ábótavant. Má það m.a. ráða af þeirri staðreynd að Hvalur hf. skaut tvo blendingshvali, en engar skýringar hafa borist frá Hval hf. um hvers vegna dýrin voru drepin. Svo virðist vera að hvalveiðimenn-



*Sigurður Örn
Hilmarsson.*

1 Raunar má svo að orði komast að nú, nær 37 árum eftir að Alþjóðahvalveiðiráðið samþykkti bann við hvalveiðum árið 1982, eru veiðar á hval enn óleyst mál í samskiptum Íslands við umheiminn.

2 Í bókuninni segir á ensku: „Under no circumstances will whaling for commercial purposes be authorised without a sound scientific basis and an effective management and enforcement scheme.“

irnir hafi ekki fullvissu um hvers lags stórhveli þeir skjóta í hvert sinn og að hending hafi ráðið því að Hvalur hf. hafi ekki drepð dýr í útrýmingarhættu, en blendingshvalirnir deila útlitseinkennum steypireyða. Af opinberri umræðu má ráða að til viðbótar við þessi tvö dýr hafi Hvalur hf. viðurkennt dráp fjögurra sambærilegra blendingshvala á undanförunum árum.

B. Kæra til lögreglu vegna dráps blendingshvala

Réttur – Aðalsteinsson & Partners (hér eftir „Réttur“) kærði f.h. Jarðavina, dýra- og náttúruverndarsamtaka, veiðarnar á blendingshvölunum 8. ágúst 2018 þar sem byggt var á því að veiðar Hvals hf. á afkvæmum steypireyðar væru ekki í samræmi við veiðileyfi þar sem fram kemur að fyrirtækið hafi „leyfi til veiða á langreyði“.

Þann 21. desember 2018 komst lögreglustjórinn á Vesturlandi að þeirri niðurstöðu að rannsókn málsins skyldi hætt þar sem blendingshvalurinn hafi fallið innan veiðiheimilda Hvals hf. Þessi ákvörðun hefur verið kærð til ríkis-saksóknara sem hefur málið til meðferðar, en í kærinni er m.a. byggt á því að dýr sem sé borið af steypireyði og sé blendingur tveggja hvalategunda geti einfaldlega ekki talist langreyður í skilningi veiðileyfis Hvals hf. Varðandi þetta er minnt á að samkvæmt b-lið 3. gr. laga nr. 26/1949 um hvalveiðar er óheimilt að veiða tegundir hvala sem bann hefur verið lagt við í reglugerð og að í b-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 163/1973 um hvalveiðar kemur fram að bannað er að veiða steypireyðar.

Í öðru lagi var á því byggt að þar sem hvalveiðilög, reglugerð um hvalveiðar og lögskýringargögn gefa ekki til kynna hvernig skilgreina skuli hugtakið langreyður að íslenskum rétti sé nauðsynlegt að líta til skilgreiningar alþjóðasamnings um stjórnun hvalveiða á hugtakinu. Er vísað til þeirrar staðreyndar að íslenska ríkið hefur bundið sig til að fara að samningnum og bókun við hann, skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum þann 14. júní 2001.

Í 1. mgr. 5. gr. samningsins kemur fram að greint sé frá friðuðum og ófriðuðum tegundum hvala í bókun við samninginn og í bókuninni eru skilgreiningar tegundanna settar fram. Í hluta I, 1. gr. A er hugtakið langreyður (e. fin whale) skilgreint og segir þar að undir það falli „any whale known as common finback, common rorqual, fin whale, herring whale, or true fin whale“. Af framangreindri skilgreiningu er ljóst að Alþjóðahvalveiðiráðið telur hvali þurfa að teljast raunverulegar langreyðar til að geta fallið undir þá hvalategund sem Alþjóðahvalveiðiráðið heimilar veiðar á, sbr. til hliðsjónar c-lið 9. gr. III. hluta bókunarinnar. Af þessu má ráða að framangreindir blendingshvalir teljast hvorki til langreyða að íslenskum né alþjóðlegum rétti.

C. Tilkynning til Matvælastofnunar um brot gegn ákvæðum laga um velferð dýra nr. 55/2013

Þann 11. desember 2018 tilkynnti Réttur f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands Matvælastofnun um ýmis brot gegn lögum um velferð dýra nr. 55/2013 (hér eftir „dýravelferðarlög“) vegna veiða og verkunar Hvals hf. á langreyðum. Þar ber helst að nefna sönnunargögn um að fjöldi hvala sem veiddir voru sumarið 2018 var með mörg skotsár, en tilvist þessara skotsára gefur til kynna að þurft hafi að skjóta hvalina oftari en einu sinni til þess að deyða þá. Skyttur fá fyrir-mæli um að miða á brjóstsvæði hvala til að auka líkur á að þeir aflífist samtundis, en gögnin varpa ljósi á að skotsár hvalanna eru á hinum ýmsu stöðum. Af þessu má leiða að í mörgum tilfellum er um langvarandi dauðastríð að ræða, en það tekur a.m.k. átta mínútur að endurhlaða skutulbyssuna, taka mið og biða eftir tækifæri til að hleypa af. Af þessum sökum kveljast þeir hvalir sem skotnir eru oftari en einu sinni enn meira vegna þess hversu langan tíma það tekur að hlaða skutulbyssurnar og undirbúa skotin. Algjör skortur er á hlutlausum rannsóknum um dauðastríð dýranna, en af þeim gögnum sem fylgdu tilkynningunni má ráða að sá möguleiki er fyrir hendi að endanleg dánarorsök íslenskra langreyða hafi verið drukkun.

Þrátt fyrir að Ísland hafi ekki skilað upplýsingum um velferð hvala við veiðar – þ.e. lengd dauðastríðs (e. time to death, TTD) og hlutfall þeirra hvala sem láta lífið samtundis við veiðar (e. instantaneous death rates, IDR)³ til Alþjóðahvalveiðiráðsins, hefur ríkið öðru hverju skilað upplýsingum til North Atlantic Marine Mammal Commission (NAMMCO, Norður-Atlantshafs sjávarspendýráráðsins). Ísland skilaði þannig nýjustu skýrslu sinni árið 2015, en sú skýrsla byggir á upplýsingum um lengd dauðastríðs og hlutfall þeirra hvala sem láta lífið „samstundis“ við veiðar, sem aflað var við veiðar 50 langreyða árið 2014. Í skýrslunni kemur fram að hlutfall þeirra hvala sem láta lífið „samstundis“ við veiðar sé 84%, þegar notaðar eru skutulbyssur og skutulsprengr af gerðinni hvalgranat-99. Deila má um hvort framangreint sé ásættanlegur hundradshluti, en ljóst er að ýmsir gallar eru á skýrslunni sem grafa verulega undan því að unnt sé að reiða sig á þessa tölu sem ákvörðun á raunverulegri dýravelferð við veiðar Hvals hf. á langreyðum.

Tími dauðastríðs þeirra átta langreyða (16%) sem létu lífið ekki „samstundis“ var á bilinu 6,5 til 15 mínútur. Þannig er það óumdeilt að þessir hvalir – sem nema umtalsverðu hlutfalli úrtaksins – voru ekki drepnir „með skjótum og sársaukalausum hætti“ svo sem áskilið er í 1. mgr. 21. gr. dýravelferðarlaga né uppfyllir þetta skilyrði 27. gr. laganna.

3 Þrátt fyrir að hugtakið „samstundis“ gefi til kynna að hvalirnir láti lífið án tafar, þá virðist merking hugtaksins vera nokkuð breytileg. Sem dæmi má nefna að í skýrslum til Alþjóðahvalveiðiráðsins hefur Grænland skilgreint hugtakið „samstundis“, sem dauða sem taki styttri tíma en eina mínútu. Til samanburðar er sama hugtak skilgreint sem minna en 100 millísekúndur í dýravelferðarlöggjöf Evrópusambandsins.

Þrátt fyrir að dýralæknir hafi verið fenginn til að reikna út lengd dauðastríðs hvalanna þá var hann ekki viðstaddur allar veiðarnar, og gat því aðeins metið lengd dauðastríðs út frá lýsingum annarra fyrir ótilgreint hlutfall af veiðunum. Það að dýralæknirinn hafi byggt á sönnunargögnum frá annarri hendi um þær veiðar sem hann var ekki viðstaddur grefur undan áreiðanleika hinna tilgreindu mælinga, sérstaklega í ljósi stærðar úrtaksins. Stærðin ýkir svo áhrif hugsanlegra mistaka sem rekja má til athugana á heildarniðurstöðunum.

Í þessu sambandi skal þess getið að útgáfa veiðileyfis Hvals hf. vegna veiðanna frá 2014 til 2018 var bundin því skilyrði að leyfishafinn héldi dagbók skipstjóra yfir veiðarnar og skilaði til Fiskistofu í lok hverrar vertíðar. Í dagbókinni skyldu m.a. koma fram upplýsingar um framkvæmd veiðanna, hvenær fyrsta sprengjuskutli er skotið, fjöldi sprengjuskutla sem skotið er, fjöldi sem hæfa langreyði og fjöldi skutlaðra langreyða sem tapast. Þessum dagbókum var hins vegar aldrei skilað til Fiskistofu, en í leyfisbréfinu stendur berum orðum að brot á ákvæðum þess varðar sviptingu leyfisins eða missi þess samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

Með tilkynningunni til Matvælastofnunar fylgdu einnig upplýsingar um að nokkur fjöldi langreyðafóstra hafi verið skorinn úr móðurkviði í hvalstöð Hvals hf. á veiðitímabilinu 2018. Í 2. gr. dýravelferðarlaga kemur fram að löggin eigi við „um fóstur þegar skynfæri þeirra eru komin á sama þroskastig og hjá lifandi dýrum“.

Sýnt hefur verið fram á að skíðishvalir eins og langreyðar búa yfir vel þroskuðum skynfærum snemma í fósturþroska. Þar sem langreyðar makast að vetri til og bera 11 til 11,5 mánuðum síðar, eiga sumarveiðar Hvals hf. sér stað um mitt þroskaskeið fóstursins, en á því skeiði eru fóstrin orðin nógu þroskuð til að falla undir gildissvið dýravelferðarlaganna. Sú staðreynd að fóstrin hafi þroskast mikið á dánarstundu fær einnig stoð í myndefni sem fylgdi kvörtuninni. Af þessu leiðir að dráp Hvals hf. á langreyðafóstrum kunna að fela í sér brot gegn 27. gr., sbr. 2. gr. dýravelferðarlaga.

D. Ólögmat verkun hvalkjöts

Þessu til viðbótar má nefna að Hvalur hf. braut um árábil gegn reglugerð um vinnslu og eftirlit með hvalveiðum nr. 489/2009. Hefur þessi háttsemi verið kærð og tilkynnt stjórnvöldum en í áðurnefndri tilkynningu Náttúruverndarsamtaka Íslands til Matvælastofnunar 11. desember 2008 kemur fram að á tímabilinu 1. júní 2010 til 25. maí 2018 var verkun Hvals hf. á langreyðakjöti í ósamræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 489/2009 um vinnslu og eftirlit með hvalaafurðum, sem felur jafnframt í sér brot gegn 5. gr. laga nr. 26/1949 um hvalveiðar og veiðileyfi Hvals hf. Þann 25. maí 2018 minnkaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kröfur til verkunarinnar með reglugerð nr. 533/2018, sem gerði breytingar á framangreindri reglugerð nr. 489/2009. Afleiðingar þessa eru að nú virðist heimilt að verkunin fari fram undir berum himni „samkvæmt áhættumati sem rekstraraðili gerir“. Sú breyting hefur verið talin óviðunandi af

fagaðilum og í því samhengi hefur m.a. verið bent á hættu á að kjötið mengist af fuglaskít, en því skal haldið til haga að reglugerðarbreytingin breytir engu um ólögmati verkunarinnar frá 1. júní 2010 til 25. maí 2018.

Athygli vekur að áðurnefnd reglugerðarbreyting var gerð að kröfu Hvals hf., en í bréfi fyrirtækisins til ráðuneytisins fylgdu heimatilbúin drög að nýrri reglugerð sem ljóslega varð fyrirmynd þeirrar reglugerðarbreytingar sem ráðherrann samþykkti. Í ljósi þess að Hvalur hf. viðurkenndi blygðunarlaust að hafa virt lög og reglur að vettugi með þessum hætti kemur á óvart að ráðuneytið hafi á endanum samþykkt að breyta reglugerðinni þannig að Hvalur hf. gæti haldið óheilnæmum verkunaraðferðum sínum áfram, í stað þess að framfylgja einfaldlega þeim lögum og reglum sem giltu um verkunina og var ætlað að tryggja að „hvalaafurðir séu öruggar til neyslu, að þær séu ómengaðar og framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður“, sbr. 1. gr. áðurnefndar reglugerðar nr. 489/2009.

E. Almennur skortur á rannsóknnum og eftirliti með hvalveiðum

Af ofangreindu má ráða að almennur skortur er með rannsóknnum og eftirliti á veiðum Hvals hf. á langreyðum. Þennan skort á eftirliti má hugsanlega rekja til skorts á fjárveitingum sem og til tengds skorts á getu viðkomandi stjórnvalda til að sinna eftirliti og framkvæmd, en samkvæmt svari Matvælastofnunar 2. ágúst 2018 fylgdi ekkert aukið fjármagn til stofnunarinnar til að sinna eftirliti með hvalveiðum á grundvelli 13. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013. Slík vandamál geta þó ekki undir nokkrum kringumstæðum afsakað það að lögum og reglum sé ekki framfylgt.

F. Þjóðhagsleg áhrif hvalveiða

Til viðbótar er ljóst að takmörkuð efnahagsleg rök standa til áframhaldandi veiða. Kannanir á meðal almennings sýna að lítil sem engin eftirspurn er eftir hvalkjöti á meðal Íslendinga. Hvalur hf. hefur frá upphafi einbeitt sér að útflutningi hvalkjöts, en eina viðskiptaland fyrirtækisins er Japan. Ástæða þess er m.a. alþjóðlegt bann gegn viðskiptum með dýr í útrýmingarhættu samkvæmt samning um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu sem gerður var í Washington 3. mars 1973 ásamt síðari breytingum og viðaukum (CITES, e. Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora). Í viðauka I með samningnum eru um 500 tegundir sem eru í útrýmingarhættu og verslun með þau háð mjög ströngum skilyrðum, en á meðal þessara tegunda eru fílar, nashyrningar, hvítabirnir, tígrisdýr og langreyðar.

Af þessu leiðir að verslun með afurðir langreyða er almennt bönnuð, en Ísland, Noregur og Japan hafa hins vegar gert fyrirvara við þennan viðauka og er því að áliti þessara ríkja heimilt að versla sín á milli með þessa afurð.

Það hefur hins vegar reynst vandkvæðum bundið að selja íslenskt langreyðakjöt og afurðir í Japan, en ljóst er að langreyðaveiðar hér við land hafa ekki staðið fjárhagslega undir sér á undanförunum árum, en í því sambandi er sérstök

athygli vakin á því að Hvalur hf. kaus að stunda ekki veiðar árið 2011, 2012, 2016 og 2017. Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá janúar 2019 var ástæðan erfiðleikar við að komast aftur inn á markaðinn.

Hvað skýrslu Hagfræðistofnunar varðar skal þess getið að stjórn Vistfræðifélags Íslands og aðrir sérfræðingar í vistfræði hafa gert alvarlegar athugasemdir við hana, þar sem skýrslan „sniðgengur nýjustu þekkingu á sviði sjávarvistfræði og byggir á mjög einfaldaðri mynd af vistfræði, vistkerfum og fæðuvefjum hafsins.“ Þá hefur Náttúrufræðistofnun Íslands einnig sent frá sér tilkynningu þess efnis að langreyðar séu taldar „í nokkurri hættu“ (VU) á heimsvália IUCN og að fækkun af þeirri stærðargráðu sem nefnd er í skýrslunni myndi breyta stöðu langreyðar á valista og tegundin yrði metin í hættuflokk við Ísland.

Áðurnefnd skýrsla Hagfræðistofnunar veitir engar haldbærar upplýsingar um hvort og þá hvaða áhrif hvalveiðar Íslendinga hafa á útflutningsgreinar og afstöðu ferðamanna til Íslands sem áfangastaðar, en svo virðist sem að þetta hafi ekki verið rannsakað nýlega. Sá hluti skýrslunnar sem fjalla átti um „ferðaþjónustuna, útflutningsgreinar og viðhorf til hvalveiða“ var í stað þess að meginstefnu varið í hugmyndir skýrsluhöfundar um alþjóðleg umhverfissamtök, skemmdarverk á þeirra vegum og nauðsyn þess að sett væru hryðjuverkalög um starfsemi þeirra.

Í skýrslunni segir að engar vísbendingar sé um að hvalveiðar hafi „orðið til þess að margir hafi hætt við Íslandsferð, þó að veiðarnar gætu haft áhrif á einhverja“ og að „sennilega hafi hvalveiðar lítil áhrif á ferðamannastrauminn“. Óvíst er hvort skýrsluhöfundur hafi verið kunnugt um rannsókn sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri gerði fyrir Ferðamálastofnun Íslands um málefnið í október 2003. Rannsóknin byggir m.a. á viðhorfskönnun sem gerð var á meðal ferðamanna sumarið 2002, en þar kom fram að 26% aðspurðra hefðu ekki komið til landsins ef hvalveiðar væru stundaðar á Íslandi.

Í skýrslu samgönguráðherra um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands, sem lögð var fyrir á Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004-2005 vegna beiðni á þskj. 953 birtast varnaðarorð um að hvalveiðar í auknu umfangi og í atvinnuskyni gætu skaðað ímynd Íslands og að nauðsynlegt væri að sérhæfð fyrirtæki í markaðsrannsóknum ynnu rannsóknir á helstu markaðssvæðum Íslands til að kanna áhrifin.

Undir lok ársins 2006 fékk Ferðamálastofna ParX viðskiptaráðgjöf IBM til þess að rannsaka áhrif hvalveiða í atvinnuskyni á íslenska ferðaþjónustu, m.a. með gerð símakönnunar með lagskiptu slæmbiúrtaki almennings í Þýskalandi, Svíþjóð, Bretlandi og á austurströnd Bandaríkjanna. Samkvæmt rannsókninni höfðu 73% mjög eða frekar neikvæða afstöðu til hvalveiða í atvinnuskyni. Þá sögðu 59% aðspurðra hvalveiðar Íslendinga í atvinnuskyni hafa mjög eða frekar neikvæð áhrif á viðhorf þeirra til landsins og 34% aðspurðra sögðu að hvalveiðar Íslendinga myndu minnka líkurnar á því að þeir heimsæktu landið nokkuð eða umtalsvert. Þessar tölur vekja sérstaka athygli og ættu að vera íslenskum stjórnvöldum umhugsunarefni nú þegar horfur ferðamannaíðnaðarins eru að breytast.

Þessu til viðbótar skal því haldið til haga að í skýrslu Hagfræðistofnunar eru nefnd dæmi um það hvernig hvalveiðar hafa áhrif á aðrar útflutningsgreinar. Í því sambandi er vísað til viðtals við Guðmund Kristjánsson, eiganda Brims hf. sem er stór hluthafi í HB Granda, að tengsl Hvals hf. við HB Granda hafi haft neikvæð áhrif á fyrirkomulag sölumála fyrirtækisins í Bretlandi og Bandaríkjunum. Í þessu sambandi er einnig nefnd tilkynning Whole Foods í Bandaríkjunum frá 2009, þar sem segir að fyrirtækið sé slegið yfir tilkynningum íslenskra stjórnvalda um áframhaldandi hvalveiðar næstu fimm árin og að verslunin teldi að ákvörðunin hefði áhrif á eftirspurn með íslenskri matvöru í verslununum. Er sú umfjöllun í samræmi við síðari ákvörðun þess fyrirtækis um að hætta auglýsingum á íslensku lambakjöti, með tilheyrandi áhrifum á sölu kjötsins.

G. Niðurlag

Þegar íslensk stjórnvöld taka ákvörðun um hvort veita skuli leyfi til hvalveiða hérlendis að nýju ber að meta alla kosti og galla veiðanna. Hér að framan hafa helstu þættirnir verið nefndir, en þar af ber einkum að nefna tvennt:

- 1) Veiðar á hvölum eru til þess fallnar að valda dýrunum miklum þjáningum. Komið hefur í ljós að hinu skilvirka stjórnunar- og eftirlitskerfi sem íslenska ríkið hefur heitið á alþjóðavettvangi er verulega ábótavant og Matvælastofnun hefur nú til meðferðar hvort aðferðin sem notuð er við hvalveiðarnar samræmist þeim lágmarkskröfum sem leiða af lögum um dýravelferð nr. 55/2013.
- 2) Hvalveiðarnar hafa neikvæð áhrif á ímynd Íslands, samskipti Íslands við önnur ríki, alþjóðasamvinnu um verndun hafsins og neikvæð viðskiptaleg áhrif á fyrirtæki í ferðaþjónustunni og aðrar útflutningsgreinar. Líta ber til hagsmuna þessara aðila við ákvarðanatökuna, en ljóst er að hagsmunir Hvals hf. af veiðunum eru minni háttar, enda vandséð hvers vegna hagsmunir þess fyrirtækis til áframhaldandi hvalveiða með taprekstri ættu að vega þyngra en annarra íslenskra fyrirtækja.

Framangreindu til viðbótar þurfa stjórnvöld að leggja til grundvallar eigið siðferðisamat við ákvörðun um hvort veiðunum skuli framhaldið. Í því samhengi er rétt að minna á að í gildandi sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf segir að dýralíf á Íslandi sé hluti af íslenskri náttúru sem beri að vernda, náttúran sé stærsta aðdráttarafl landsins fyrir ferðamenn og í því ljósi þurfi að endurskoða löggjöf um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Í sáttmálanum er einnig lögð áhersla á að Ísland geti verið sterk rödd á alþjóðavettvangi með því að vera fyrirmynd, m.a. um að hlúa að náttúru og lífinu í landinu.